



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

*Erindi nr. Þ 141/374
komudagur 6.11.2012*

Selfossi, 6. nóvember 2012

1202001SA ÞH

**Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og orkunýtingaráætlanir) 3. mál.

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 2. nóvember sl., var eftirfarandi umsögn samþykkt um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og orkunýtingaráætlanir):

„Stjórn SASS leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á grundvelli þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar og tillögum hennar um flokkun virkjunarkostanna í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar voru fjórir af sex vatnsaflsvirkjunarkostum á Suðurlandi í nýtingarflokki Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þeir fari allir í biðflokk. Að mati stjórnar SASS er það óviðunandi bæði vegna þess að ekki eru færð sterk rök fyrir þeim tillögum og og einnig er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir sunnlendinga vegna þeirrar atvinnuuppbyggingar sem gera má ráð fyrir að fylgi í kjölfarið. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri